



Til sambandsaðila ÍSí

Reykjavík, 15. febrúar 2017

Efni: Framboð til framkvæmdastjórnar ÍSí

Ágætu félagar!

Samkvæmt 11. grein laga ÍSí, skulu tilkynningar um framboð til forseta ÍSí, framkvæmdastjórnar ÍSí og varastjórnar ÍSí berast til kjörnefndar Íþróttabings eigi síðar en þremur vikum fyrir Íþróttabing ÍSí, þ.e. 14. apríl nk.

Fyrirkomulagi kosningu stjórnar var breytt með lagabreytingu á Íþróttabingi ÍSí 2015. Kosnið verður í framkvæmdastjórn ÍSí samkvæmt grein 17.1.b sem hljóðar svo:

*15 menn kosnir á Íþróttabingi.*

*Kosning fari þannig fram:*

- 1. Forseti*
- 2. 14 með stjórnendur*

*Kosning fer þannig fram að kjörtímabil er fjögur ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á Íþróttabingi.*

Á Íþróttabingi 2015 var eftirfarandi bráðabirgðaákvæði samþykkt, er einnig lýtur að kosningu stjórnar :

*Lagabreytingar sem samþykktar voru á 72. Íþróttabingi ÍSí taka ekki gildi fyrr en 72. Íþróttabingi lýkur.*

*Á Íþróttabingi ÍSí árið 2017 skal kosning meðstjórnenda fara þannig fram:*


*Fyrst skulu kosnir sjö meðstjórnendur til fjögurra ára. Að þeirri kosningu lokinni skulu sjö meðstjórnendur vera kosnir til tveggja ára. Séu fleiri en sjö í framboði til fjögurra ára kjörtímabils skulu þeir sem ekki náðu kjöri eiga þess kost að bjóða sig fram til kosningu til tveggja ára.*

Lögð er áhersla á að til að tilkynning um framboð teljist löglegt, skal eitt ólympískt sérsamband og eitt héraðssamband/íþróttabandalag hafa lýst yfir stuðningi við framboðið.

Hjálagt fylgir eyðublað um framboðsyfirlýsingu. Upplýsingar veita undirrituð.

Með kveðju,  
ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Jón Ásgeir Eyjólfsson  
formaður kjörnefndar

  
Líney R. Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri

ÓLYMPÍUFJÖLSKYLDA ÍSÍ

ÍSÍ - ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS



THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND  
Engjavegur 6 | 104 Reykjavík | Iceland  
Sími/Tel +354 514 4000 | Fax +354 514 4001  
isi@isi.is | www.isi.is